

Ed.

167. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að halda niðri dýrtiðarvísitölu með fjárgreiðslum úr ríkissjóði og um áhrif nokkurra landbúnaðarafurða á vísitöluna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþ. með þeim breytingum, sem tillögur eru gerðar um hér á eftir.

Einn nefndarmanna (ÞÞ) hefur óbundnar hendur um breytingartillögurnar. Bernharð Stefánsson var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Aðra málsgr. skal orða svo:

Ef vara er seld tvenns konar verði og niðurgreiðsla hefur farið fram á hæfilegu neytlumagni vörunnar og ekki undir því magni, sem reiknað er með í vísitölunni, að viðbættum 25%, skal vísitalan eingöngu miðuð við lægra verðið.

2. Við 2. gr. Greinina skal orða svo:

Verðlag á kjöti af sauðfé, sem slátrað er til sölu á tímabilinu frá 1. ágúst til 20. september 1946, og á kartöflum, sem teknar eru upp og seldar á sama tíma, skal eigi hafa áhrif á vísitöluna, enda sé á boðstólum nægilegt magn af þessum vörum með því verði, sem reiknað er með í vísitölunni.

Alþingi, 16. nóv. 1945.

Magnús Jónsson,
form.

Haraldur Guðmundsson,
frsm.

Þorst. Þorsteinsson.

Kristinn Andrésen.